

**Samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu**  
**Samstarf um skólamál: símenntun grunnskólakennara**  
**Starfshópur fulltrúa sveitarfélaganna**

# **Símenntun grunnskólakennara í samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu**

**- TILLÖGUR STARFSHÓPS -**

Starfshópur um símenntun grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu

Stöðuskýrsla í september 2012

© Starfshópur um símenntun grunnskólakennara.  
Samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu innan SSH.  
September 2012.

## Efnisyfirlit

	Bls.
Efnisyfirlit	3
I. Inngangur	4
II. Samantekt	6
III. Verkefni starfshópsins og tillögur með rökstuðningi	8
Lokaorð	15

## I. Inngangur

Tilurð þessa vinnuhóps er sú ákvörðun sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í svæðissamtökum sínum, SSH, að efla samstarf þeirra í ýmsum málaflokkum, m.a. skólamála. Þessi starfshópur sem skilar hér skýrslu er afurð þeirrar samvinnu og er hluti einnar tillögu sem kom fram er varðar málefni skólastarfs sveitarfélaga á svæðinu. Þar er í brennidepli áhersla á símenntun grunnskólakennara, þ.e. hvort og hvernig sé hægt að efla símenntun á höfuðborgarsvæðinu, t.d. auka hagkvæmni hennar, efla hana og gera hana fjölbreyttari, „betri“. Á þeim grunni er starfshópur skipaður sem vann tillögur sem kynntar eru í þessari skýrslu.

Fræðslustjórar/sviðsstjórar fræðslumála í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu settu verkefnið af stað með eftirfarandi fyrirmælum eða verkefnaskrá fyrir væntanlegan starfshóp:

1. Skilgreina tilgang og markmið með samstarfi sveitarfélaga um endurmenntun kennara í grunnskólum.
2. Greining á endurmenntunarpörf kennara við grunnskóla.
3. Skilgreining verkefna á sviði endurmenntunar kennara við grunnskóla í samræmi við þörf, sem unnt er að eiga samstarf um. Hvert á form og innhald að vera.
4. Greining á innri þekkingu og reynslu sem er til staðar hjá sveitarfélögunum og gæti nýst öðrum.
5. Fjármagn - sveitarfélögin greina hvaða fjármagn þau geti veitt til samstarfs um endurmenntun. Upplýsingar um styrki sem sveitarfélög geta sótt til.
6. Móta tillögur að sameiginlegri endurmenntun kennara til tveggja ára með svipuðu sniði og unnið hefur verið í samstarfi sveitarfélaga um endurmenntun starfsmanna leikskóla. Í tillögum til fræðslustjóra kæmi eftirfarandi fram:
  - a. Markmið og tilgangur samstarfs.
  - b. Tillögur að verkefnum, skilgreindar og rökstuddar.
  - c. Útærsla verkefna t.d. helgarnámskeið, verkstæði, ráðstefnur, eftirmiðdagstilboð, fundarraðir o.fl.
  - d. Kostnaður við hvert verkefni.
  - e. Áætlun um tímasetningar framkvæmda.

Óskað var eftir tilnefningum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í starfshóp í apríl/maí 2012. Þessir aðilar voru tilnefndir af viðkomandi sveitarfélögum:

- Frá Garðabæ: Oddný Eyjólfsdóttir.
- Frá Hafnarfirði: Vigfús Hallgrímsson.
- Frá Kópavogi: Ragnheiður Hermannsdóttir.
- Frá Mosfellsbæ: Magnea Steinunn Ingimundardóttir.
- Frá Reykjavík: Nanna Kristín Christiansen/Guðrún Edda Bentsdóttir.
- Frá Seltjarnarnesi: Baldur Pálsson.

Hópurinn hefur haldið fimm fundi þar sem eftirfarandi er kynning á því hvað gerðist á hverjum fundi:

- 23. maí á ráðstefnu Grunns á Blönduósi (yfir hádegismat) þar sem ákveðið var að hittast til fyrsta vinnufundar í júní og skyldi hann haldinn í Kópavogi. Mætt: Baldur, Magnea, Oddný, Ragnheiður og Vigfús.
- 13. júní í Kópavogi kl. 11-12.30. Fengin kynning á „kragasamstarfi“ sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir starfsfólk leikskóla og viðraðar ýmsar hugmyndir um tilgang og hugsanleg verkefni í símenntunarsamstarfi grunnskóla. Mætt: Baldur, Magnea, Nanna Kristín, Ragnheiður og Vigfús.
- 20. júní í Hafnarfirði kl. 9-11.30. Tekin frekari umræða um tillögur síðasta fundar og mótaðar ákveðnar hugmyndir sem eru grundvöllur þessarar skýrslu. Mætt: Baldur, Guðrún, Magnea, Ragnheiður og Vigfús.
- 29. ágúst í Reykjavík kl. 10-11.40. Drög að greinargerð starfshópsins sem lá fyrir fundinum samþykkt í meginatriðum og þau verkefni sem þar voru nefnd. Rætt frekar um framkvæmd tilraunaverkefnis á vormisseri 2013 um inntak (námsmat), skipulag og framkvæmd ef af slíku verkefni yrði, hugsanlegir fræðarar og samstarfsaðilar (t.d. menntavísindasvið HÍ). Mætt: Baldur, Magnea, Nanna Kristín, Oddný, Ragnheiður og Vigfús.
- 10. september í Reykjavík kl. 16-17.10. Margrét Njarðvík Jónsdóttir mætti á fund og kynnti ýmsa möguleika á styrkjum úr sjóðum Evrópusambandsins og EFTA. Ákveðinn sem síðasti fundur vinnuhópsins og skýrslu væri skilað á grundvelli þeirra umræðna sem hefðu átt sér stað á þessum fimm fundum. Mætt: Baldur, Magnea, Nanna Kristín, Oddný, Ragnheiður og Vigfús.

Hópurinn leggur fram tillögur sínar til fræðslustjóra/sviðsstjóra fræðslumála hjá sveitarfélagögunum og telur að hann þurfi að fá skjót svör við tillögum sínum til að geta unnið áfram að þeim hugmyndum sem lagðar eru hér fram. Megintillögur hópsins koma fram í samantektinni í II. hluta en nánari útlístun og röksemdarfærsla fyrir tillögunum og útfærslur kom fram í III. hluta greinargerðarinnar. Loks er að finna lokaorð með undirritun skýrsluhöfunda aftast í skýrslunni.

## II. Samantekt

Eftirfarandi er samantekt á vinnu starfshóps um símenntunarmál kennara í grunnskólum höfuðborgarsvæðisins:

1. *Samstarf verði um símenntun grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu.*
2. *Samstarfið verði um afmörkuð símenntunarverkefni sem allir geti sameinast um.*
3. *Áhersla símenntunarsamstarfs verði á nýjungar (nýsköpun) og skólaþróun.*
4. *Tilraunaverkefni og símenntunarsókn fari í gang.*
5. *Starfshópurinn verði vinnuhópur um símenntunarframkvæmd og þróun verkefnis.*

Nánari útskýringu á tillögum er að finna hér neðar en frekari rökstuðning má finna hér aftar í greinargerðinni í meginþexta:

1. **Samstarf verði um símenntun<sup>1</sup> grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu:** Menntun grunnskólakennara er í meginatriðum á ábyrgð ríkisins í þeirri verkaskiptingu sem gerð var við flutning grunnskólans til sveitarfélaga árið 1996. Það gildir um grunnmenntun, frammhaldsmenntun og að hluta til um símenntun<sup>2</sup> kennara. Starfshópurinn telur jafnframt að símenntun kennara sé ekki í nægilega góðu horfi þessi misserin og mikilvægt fyrir sveitarfélögin að betri skipan komist á þau mál. Mikilvægt er að sveitarfélagönn hafi virka aðkomu að símenntun kennara í samstarfi við aðra sem málinu tengjast (t.d. ráðuneyti, kennaramenntunarstofnanir, KÍ, Samband íslenskra sveitarfélaga). Þrátt fyrir það skiptir miklu máli að sveitarfélög séu formlegir aðilar að símenntun kennara sem rekstraraðilar grunnskóla og ábyrgðaraðilar á framkvæmd aðalnámskrár. Á þeim grundvelli vinnur þessi starfshópur og leggur fram tillögur.
2. **Samstarfið verði um afmörkuð símenntunarverkefni sem allir geta sameinast um:** Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu standa fyrir margvíslegri símenntun fyrir kennara og á ólíkan hátt. Fjármagn til þess er ýmist sótt til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla og/eða í sveitarfélögin sjálf. Starfshópurinn telur að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eigi að prófa sig áfram um símenntunarsamstarf sem þó trúfli ekki þá símenntun sem þegar er í gangi í einstaka sveitarfélögum og þau vilja standa sjálf fyrir – a.m.k. á meðan ekki eru teknar sérstakar ákvarðanir um að sameina slík símenntunarverkefni sem ekki er lagt til í þessari skýrslu. Starfshópurinn leggur því til

<sup>1</sup> Símenntun er hér notað sem samheiti yfir alla menntun sem starfandi kennarar afla sér eftir að þeir hafa lokið grunnnámi til starfsréttinda sem kennari hvort sem hún er formleg eða óformleg endurmenntun, fyrirlestrar, ráðstefnur, málþing, handleiðsla eða sjálfsnám; hvort sem það er á eigin vegum, á vegum skóla, sveitarfélags eða annarra aðila. Kveðið er á um símenntunin í 12. grein laga um grunnskóla frá árinu 2008. Með notkun hugtaksins símenntun frekar en endurmenntun er lögð áherslan á að menntun er lífslangt verkefni og mikilvægur hluti af starfsskyldum kennara. Í kjarasamningum kennara er gert ráð fyrir símenntun kennara, þ.e. nauðsyn þess að vera stöðugt að bæta við þekkingu og leikni með jákvæðum viðhorfum sem miði að því að kennari bæti stöðugt hæfni sína til að mæta þörfum nemenda sinna í samræmi við aðalnámskrá, stefnu sveitarfélags og skólanámskrá á hverjum tíma. Símenntun kennara er skólastarfinu lífsnauðsynleg fyrir þróun þess og stöðuga aðlögun að breyttum þjóðfélagsáttum.

að samstarf verði um símenntunarverkefni á höfuðborgarsvæðinu sem sé afmarkað, byrji smátt en geti þróast og aukist með inntak og skipulag sem allir geti sameinast um án þess að það trufla símenntunarverkefni sem eru í gangi í hverju sveitarfélagi núna.

3. **Áhersla símenntunarsamstarfs verði á nýjungar og skólaþróun:** Sem meginlínu í sveitarfélagasamstarfi um símenntun grunnskólakennara leggjum við til að áherslan í slíku samstarfi verði á nýjungar (nýsköpun), þróun (þróunarstarf) og áherslur nýrrar aðalnámskrár grunnskóla (2011). Varðandi skipulag slíks samstarfs verði tekið mið af svonefndu „kragasamstarfi“ um símenntun leikskólakennara og þessi starfshópur verði settur sem vinnuhópur sem skipuleggi slík samstarfsverkefni. Þetta samstarf fari fram með reglulegum fundum á föstum tímum yfir skólaárið (t.d. á mánudögum eða föstudögum kl. 13.30-16) eftir ákveðnu skipulagi (kynning í sveitarfélögum, skráningarferli og miðlun fræðslugagna/glærुकynninga til skólanna eftirá). Unnið verði með þemu í þessu símenntunarsamstarfi, t.d. 1-2 þemu á hverju skólaári. Dæmi um þemu gæti verið starfsþróun kennara, hæfileikaríkir og bráðgerir nemendur og afmörkuð fagleg viðfangsefni sem eiga við alla kennara, t.d. námsmat, viðmið um námshæfni og lykilhæfni.
4. **Tilraunarverkefni og símenntunarsókn fari í gang:** Lagt er til að veturinn 2012-2013 verði gerð tilraun með eitt þema til að prófa aðferðafræði við sameiginlega símenntun grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu, á vorönn 2013 sem yrði algjörlega greitt af sveitarfélögunum án ytri styrkja. Jafnframt verði undirbúin umsókn í Endurmenntunarsjóð grunnskóla fyrir skólaárið 2013-2014 þar sem verkefnið fari í fulla framkvæmd og meginhluti fjármagnsins til þess komi úr sjóðnum. Búast má þó við einhverjum viðbótarkostnaði (alla vega umsýslukostnaði) sem leggist á sveitarfélögin í fjárhagsáætlunum árin 2013 og 2014 og dreifðist á sveitarfélögin eftir stærð í samræmi við reglur innan SSH. Fjárhagsleg umsýsla verkefnisins verði þó í einu sveitarfélagi. Sjá nánari umfjöllun aftar í skýrslunni.
5. **Starfshópurinn verði vinnuhópur um símenntunarf framkvæmd og þróun verkefnis:** Starfshópurinn leggur til að hann fái að starfa áfram sem vinnuhópur sem annist framkvæmd á þeim tillögum sem hér eru kynntar og fleiri möguleika bjóðist þeir. Framtíðin verði að leiða í ljós hvert slíkt samstarf leiðir en áfram verði leitað að leiðum til að efla samstarf um símenntun grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu.

Forsendur, frekari útlitun og rökstuðningur fyrir ofangreindum tillögum er að finna hér áfram í skýrslunni.

### III: Verkefni hópsins og tillögur með rökstuðningi

Hér á eftir er reynt að svara þeim spurningum sem hópurinn fékk í upphafi vinnu sinnar, sem nokkurs konar erindisbréf, þar sem kynnt eru ýmis sjónarmið sem komu fram í umræðunni á þeim fimm fundum sem hópurinn hélt. Í lok hverrar spurningar eru dregnar niðurstöður með tillögu(m) hópsins eða nokkurs konar lokun á spurningunni fyrir áframhaldandi vinnu í framhaldi skýrslunnar.

#### 1. Skilgreina tilgang og markmið með samstarfi sveitarfélaga um endurmenntun kennara í grunnskólum

Í hópnum voru talsverðar umræður um tilgang og markmið með símenntunarsamstarfi fyrir grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu. Þar komu fram atriði eins og:

- Sveitarfélögin eiga að láta sig varða símenntun kennara þótt aðrir aðila annist þá framkvæmd að mestu og vinna að því að það fjármagn sem sveitarfélögin leggja í símenntunarsjóði grunnskólakennara nýtist sem best fyrir skólastarf sveitarfélaganna.
- Það vantar framboð á símenntun fyrir grunnskólakennara, t.d. lengri fagnámskeið.
- Það er hagkvæmt að vinna saman á höfuðborgarsvæðinu um símenntun grunnskólakennara því hagnunir eru áþekkir, aðstæður svipaðar og landfræðileg lega hamlar ekki samstarfi.
- Samstarf gefur möguleika á að deila þekkingu um símenntun kennara milli sveitarfélaga.
- Samstarf um símenntun færir ný tækifæri til samvinnu milli skóla og/eða kennara þvert á sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.
- Betur er hægt að koma til móts við fámenna faghópa kennara með símenntun, t.d. verk- og listgreinakennara.
- Samstarf eflir vettvang til að skapa umræðu um áhugaverð nýbreytniverkefni í símenntun, stuðla að nýjungum, framsækni og þróun sem sveitarfélögin hafi áhrif á.
- Samstarf gefur kennurum ný tækifæri á meiri fjölbreytni í símenntun.
- Samstarf getur opnað möguleika á símenntun sem er til staðar í einstaka sveitarfélagi fyrir kennara í öðrum sveitarfélögum.
- Nauðsynlegt er að þrýsta á opinbera aðila (ráðuneyti, sambandið og kennaramennta- stofnanir) og fagfélög kennara að sinna betur endurmenntun grunnskólakennara (samhæfa, efla, fjölga, þróa).
- Nauðsynlegt er að kalla eftir stefnu um símenntun frá fagfélögum kennara er varðar einstaka námssvið/-greinar nýrrar aðalnámskrár grunnskóla.

#### *Niðurstaða umræðunnar:*

Hópurinn var sammála um að sveitarfélögin hafi ekki frumskyldur í símenntun grunnskólakennara en mikilvægt væri að sveitarfélögin hefðu áhrif á þróun hennar í þágu nemenda og skólaþróunar í sveitarfélögum. Þrátt fyrir allt eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu í dag að sinna símenntun grunnskólakennara. Þau gera það með mismunandi áherslum en þó ekki alveg á sambærilegum forsendum. Hvert sveitarfélag þarf að geta þróað áfram eigin



símenntunartilboð í samræmi við eigin þarfir (alla vega á meðan þetta höfuðborgarsvæðis-samstarf er í mótun og engin ákvörðun er til um annað). Þess vegna leggur hópurinn til að fyrsta áherslan í samstarfi sveitarfélaga um símenntunar grunnskóla verði til að þrýsta á nýjungar og skólaþróun sem miði að frekari hvatningu og stuðningi til nýbreytni í grunnskólastarfi. Þar eru nefndar helst áherslur nýrrar aðalnámskrár (grunnþættir menntunar, hæfni sem námshæfni og lykilhæfni, námsmat og námsmatskvarðar) og áhrif þess á skólalastarfið, t.d. á starfsþróun kennara, einstaklingsmiðun í námi (m.a. bráðgerir og hæfileikaríkir nemendur) og skólanámskrárgerð.

## 2. Greining á endurmenntunarpörf kennara við grunnskóla

Greining á sí-/endurmenntunarpörf kennara er stórt verkefni. Þá er bent á að það verkefni er í mun meira mæli á ábyrgð annarra en sveitarfélaga. Þess vegna teljum við ekki þörf á ítarlegri greiningu á þörf fyrir símenntun í þessari greinargerð öðru vísi en þá að skilgreina þátt sveitarfélaga í þeirri greiningu. Í umræðu í hópnum kom þetta fram um málið:

- Kjarasamningar kennara gera ráð fyrir símenntun þeirra en kröfum kjarasamninga er ekki framfylgt á fullnægjandi hátt eða með nægu eftirliti sveitarfélaga (t.d. hvort einstaka kennarar sinna tímaskyldu til símenntunar („baunatalning“) eða eru að sinna raunverulega eigin starfsþróun sem lið í því að gera sig hæfari að mæta þörfum skólakerfisins fyrir skólaþróun („gæðamat sem hluti einhvers konar gæðastjórnunar“).
- Finna þarf leiðir til að halda utan um símenntunarskyldur einstakra kennara, þ.e.a.s. að sveitarfélögin þurfa að eiga verkfæri sem skráir símenntun þeirra (á hagkvæman hátt) og færir kennurum þá sömuleiðis verkfæri til að fylgjast með henni. Sveitarfélög hafa ekki verkfæri í þessum tilgangi enn sem komið er.
- Kerfið (skólakerfi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu) þarf sjálft að skilgreinía þarfir sínar fyrir þá símenntun sem nauðsynleg er að kennarar fái til að þeir geti mætt þeim verkefnum sem ný aðalnámskrá væntir og skólastefna sveitarfélaganna stefnir að. Að því leytið er verkefnið ekki bara greining á þörfum kennara heldur einnig síður á þörfum sveitarfélaganna og nemenda.
- Skilgreina aftur/betur fyrir hvaða hóp kennara símenntun sameiginlegs símenntunarsamstarfsþurfi að vera, þ.e. fyrir alla kennara sveitarfélaganna eða ákveðna hópa kennara (eins og verk- og listgreinakennara, íslenskukennara o.s.frv.).

### *Niðurstaða umræðunnar:*

Ekki er nauðsynlegt í bili að sveitarfélögin leggist í ítarlega greiningu á símenntunarpörfum kennara (fagþekking, kennslufræðiþekking, námskrárþekking) heldur er mikilvægara núna að sveitarfélögin skilgreini sjálf þarfir skólakerfisins til að það mæti áskorunum sínum. Í því felst að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sameinist að meta hvaða nýbreytni og skólaþróunar er þörf fyrir núna og hvernig grunnskólakerfið verði gert hæfara til að mæta kröfum nýrrar aðalnámskrár og stefnu sveitarfélaganna.

### 3. Skilgreining verkefna á sviði endurmenntunar kennara við grunnskóla í samræmi við þörf, sem unnt er að eiga samstarf um. Hvert á form og innhald að vera.

Umræða innan hópsins benti á þá staðreynd að hvert sveitarfélag er með eigin hefðir og símenntunarverkefni sem ekki er talin þörf á að hætta með (a.m.k. ekki í bili). Hvernig skyldi bregðast við slíku ástandi fyrir samstarfi leiddi fram nokkur sjónarmið til umræðunnar:

- Sameiginleg símenntun ætti að vera sameiginleg fyrir alla án þess að „trufla það“ sem einstök sveitarfélög væru að gera hvert í sínu lagi.
- Finna þyrfti sérstakar áherslur fyrir sameiginlega fræðslu sem öll sveitarfélögin gætu sameinast um.
- Helst var áhugi fyrir reglulegum fræðslufundum yfir skólaárið (t.d. fastur vikudagur í mánuði þar sem helst voru nefndir mánudagar eða föstudaga). Mikilvægt var þó að fræðslan væri starfstengd (hagnýt) og gæti smitast út í skólana á einhvern hátt.
- Þannig var síður horft til ráðstefna og málþinga- því þau eru fjölmörg og haldin af ýmsum allt árið um kring svo engin ástæða er að keppa við þau af sveitarfélögunum.
- Fræðslan verði þematengd. Dæmi um fræðsluþema sem voru: starfsþróun kennara, bráðgerir og hæfileikaríkir nemendur, gerð námsmatskvarða.
- Byrja hægt en auka smám saman við fræðsluna, prófa okkur áfram.
- Fræðsluverkefni (fræðsla, umræður og prófun) með mesta áherslu á starfandi kennara, frumkvöðla, sem fræði og miðli af þekkingu sinni til skólasamfélagsins í heild sinni.
- Velt upp spuningum um hvernig skuli standa að kynningu og skráningu þar sem öll sveitarfélögin þurfa að vera virk en þeirri umræðu er ekki lokið.
- Ræddir mismunandi möguleikar á útfærslu á þátttöku í fræðslu, t.d. að allir skólar sendi einn fulltrúa á námskeið sem fái það hlutverk að kynna í sínum skóla eða sé opið öllum og þeir komi sem sýni áhuga.

#### *Niðurstaða umræðunnar:*

Finna þyrfti sérstaka áherslu fyrir sameiginlega fræðslu og er sú áhersla á nýjungar (nýbreytni) þar sem þarfir sveitarfélaga fyrir skólaþróun á grundvelli nýrrar aðalnámskrár væri í brennidepli. Kennararnir sjálfir séu miðpunktur fræðslunnar og þarfir þeirra fyrir símenntun lykilþáttur þar sem þeir séu studdir og hvattir til skólaþróunar. Áherslan ætti að vera á jafningjastuðning og hagnýta fræðslu og ráðgjöf. Nokkrir möguleikar voru ræddir um framkvæmd:

- Hallast var að því að halda fræðslufundi mánaðarlega, t.d. ákveðinn vikudag fastan á ákveðninni viku í mánuði (sept.-okt.-nóv. og feb.-mars-apr.). Staðsetning þyrfti að vera miðlæg og aðstaða að vera góð. Rætt um möguleika um samstarf við menntavísindasvið HÍ um framkvæmdina, t.d. í Stakkahlíð, og taka fræðsluna upp og hafa á vefnum eftirá fyrir alla kennara til frekari skoðunar. Þarfnast nánari útfærslu.
- Kynningu og skráningu þarf að hafa með samræmdu formi þar sem kynning fari í gegnum stjórnsýslu hvers sveitarfélags („skólaskrifstofur“) og skráning sömuleiðis þótt eitt sveitarfélag skipuleggi fræðsluna hverju sinni. Þarfnast nánari útfærslu.
- Sú hugmynd fékk talsverðan hljómgrunn að hver skóli geti sent 1-2 fulltrúa á fyrirlestur, sem nauðsynlegt er að hver skóli geri, og fræðslan fái kynningu í skóla

eftirá af þeim sem sóttu fræðsluna. Í þeim tilgangi verði samantekt fræðslu til sem glærukyning sem hægt sé að nota í skólunum og vísa á veffræðsluna fyrir þá sem vilja fá hana í heild sinni. Þarfnast nánari útfærslu.

- Ofangreind hugmynd að útfærslu var enn í mótun í hópnum. Hann taldi þó mikilvægt að senda frá þessa skýrslu án þess að hugmynd væri fullmótuð. Fullmótunin færi ekki fram nema ljóst væri að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hefðu áhuga á að prófa þessa hugmynd. Þar leggur vinnuhópurinn sem vinnur þessa skýrslu að hann myndi fá slíkt verkefni í hendur sé áhugi sveitarfélaganna fyrir því. Kostnaður sem af þessu verkefni hlýst er kynntur hér aftar.

#### **4. Greining á innri þekkingu og reynslu sem er til staðar hjá sveitarfélögunum og gæti nýst öðrum.**

Það var ekki talið henta fyrir símenntunarsamstarfið á höfuðborgarsvæðinu að ræða of mikið skipulag í einstaka sveitarfélögum þar sem ekki er stefnt að því að sameina slíkt eða að taka upp eitthvað sem eitt sveitarfélag er að gera. Þetta kom þó fram í umræðunni:

- Ólíkar hefðir og verkefni eru í gangi varðandi símenntun á vegum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, t.d. öskudagsráðstefna í Reykjavík, haustdagur í Mosfellsbæ, mánudagafræðsla í Hafnarfirði o.s.frv.
- Þar sem væri hægt að koma við tilboðum til annarra sveitarfélaga í eigin símenntun þyrfti að finna gott kerfi í slíkt, t.d. miðlun upplýsinga og aðgengi að skráningum í slíkum tilvikum. Engar tillögur komu þó fram um hvernig slíkt gæti verið framkvæmt.

#### ***Niðurstaða umræðunnar:***

Ekki er í sjálfu sér nauðsynlegt að vita hvernig „staðið er að námskeiðahaldi“ í hverju sveitarfélagi fyrir sig á höfuðborgarsvæðinu þar sem við erum ekki að fara gera hlutina öll „eins“. Meginatriðið væri að koma sér saman um áherslu í þessari skýrslu sem við viljum að sveitarfélögin eigi að leggja í saman og að safna reynslu um hvernig megi koma á höfuðborgarverkefni um símenntun í framkvæmd. Tillagan hér að sú áhersla verði á nýbreytni og skólaþróun sem taki mið af kröfum nýrrar aðalnámskrár grunnskóla og stefnu sveitarfélaga.

#### **5. Fjármagn - sveitarfélögin greina hvaða fjármagn þau geti veitt til samstarfs um endurmenntun. Upplýsingar um styrki sem sveitarfélög geta sótt til.**

Umræðan um fjármagn til símenntunar kom til umræðu þar sem eftirtaldir möguleikar komu fram:

- *Endurmenntunarsjóður grunnskóla:* Litlar upphæðir í boði í styrki en sum sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu með mikla reynslu af því (Hafnarfjörður, Reykjavík). Sækjum við um saman í sjóðinn erum við jafnvel að skerða framlög til einstakra sveitarfélaga

og skóla á höfuðborgarsvæðinu. Potturinn stækkar ekki þótt höfuðborgarsvæðið sækir um í sjóðinn (er ljóst hvort hvort reglur sjóðsins leyfi það?).

- *Vonarsjóður KÍ*: Sveitarfélögin greiða í sjóðinn en aðeins einstaka kennarar, skólar (skólaheimsóknir til útlanda og innanlands) og fagfélög kennara geta sótt um þar. Spurningin er hér hvort sveitarfélögin eigi að búa til námskeið sem kennarar greiði til fullnustu með fjármagni sem þeir hafa aðgang að í sjóðnum. Hér teljum við að fagfélög kennara eigi í ríkari mæli að skipuleggja fagnámskeið fyrir kennara (í lengri kantinum, t.d. að viku utan skólaársins) sem ættu að annast slíkt frekar en sveitarfélögin sjálf. Þá væri æskilegt að háskólarnir, sérstaklega kennaradeildirnar innan þeirra, hefðu meiri ábyrgð í símenntun kennara sem ekki tengdist eingöngu framhaldsmenntun (meistarapróf).
- *Evrópustyrkir*: Nokkrir styrkjámöguleikar eru í boði.
  - **Comeniusstyrkir** eru fjölmargir en um litlar fjárhæðir að ræða til skóla en þeir geta líka falið í sér kostnað fyrir sveitarfélög (afleysingar) án þess að hafa stjórn eða aðgang að verkefni í sjálfu sér. (a) Vikunámskeið fyrir kennara en þau geta falið í sér kostnað fyrir sveitarfélög (afleysingar) án þess að hafa stjórn eða aðgang að verkefni. (b) Námsheimsóknir kennara eru mögulegar en þær fela yfirleitt í sér kostnað fyrir sveitarfélög (afleysingakostnaður) án þess að hafa stjórn eða aðgang að verkefni. (c) Comenius Regio styrkir til sveitarfélaga (t.d. skólaskrifstofa, skóli, foreldrafélag) sem dekkar ferða- og rekstrarkostnað slíkra verkefna og óverulega til annarra hluta. Hentar ekki í samstarfi sveitarfélaga í sama landi. Í reynd er ekki sjáanlegt að Comenius styrkir geti nýst vel í höfuðborgarsvæðissamstarfi um símenntun kennara. Þeir henti frekar einstaka skólum og umræðan þessi misserin er að fjármagn sem skólar fá til verkefna dugi ekki fyrir rekstrarkostnaði umræddra verkefna og sveitarfélögin „borgi því með þeim“.
  - *Svæðasjóðir ESB* sem gætu tengst 20/20 sóknaráætlun Íslands - sem fyrir menntamál er um skólaþróun og læsi. Það gerist ekki fyrr en við inngöngu Íslands í ESB en í umsóknarferli aðildar má sækja um IPA styrk. Umsóknarfrestur IPA fyrir Ísland er til 30. nóvember 2012 og ekki er vitað að um annan umsóknarfrest verði að ræða á umsóknartímanum sjálfum. Möguleikar eru á talsverðu fjármagni í slík nýsköpunarverkefni sem geta fengið 50-75% verkefniskostnaðar í styrk (lágmark 30 milljónir og verkefni standi í 1-2 ár). Umsóknarfrestur er of stuttur núna til að hægt sé að undirbúa umsókn með góðu móti, þ.e. þróa hugmynd, fá heppilega samstarfsaðila með í verkefnið (t.d. landsbyggðina, háskólana). Að útbúa IPA umsókn sem er mjög krefjandi og höfuðborgarsvæðið eitt og sér hentar illa fyrir IPA styrk sem nú er í boði. Auk þess þyrfti að stækka samstarfshópin út fyrir höfuðborgarsvæðið ef slík umsókn eigi að vera trúverðug. IPA styrkferli er of flókið verkefni til að slíkt geti gengið að sækja um slíkan styrk haustið 2012 svo það lítur út fyrir að bíða verði eftir inngöngu í ESB til að eiga einhverja möguleika að sækja í svæðasjóði ESB um styrki.
  - *Þróunarsjóður EFTA*. Lítt kynntur sjóður sem hefur margar áherslur og talsvert fjármagn í hin margvíslegu verkefni, m.a. fyrir skóla og skólaskrifstofur sem gæti nýst til símenntunar kennara. Vandinn er sá að slíkt byggist á millilandasamstarfi

um einstök verkefni og þá frekar milli einstakra aðila í hverju landi frekar en aðila saman í sama landi – líkt og höfuðborgarsamstarf er. Bent var á að skólaárið 2012-2013 opnast nýir möguleikar í menntasamstarfi innan Þróunarsjóðs EFTA með því að koma á samstarfi við Pólland þar sem talsverðir fjármunir eru í boði. Það byggir á því að ná tengslum við skóla, sveitarfélög og stofnanir í Póllandi. Full flókið fyrir símenntunarverkefni eins og höfuðborgarsvæðissamstarf og ekki sjáanlegt að slíkt henti í fljótu bragði.

- *Sveitarfélög*: Ekki er að neinu föstu að ganga í dag með bein fjárframlög til símenntunar grunnskólakennara en einstök sveitarfélög eru í dag að veita mismunandi miklu fjármagni til símenntunar í eigin stofnunum. Þessi framlög voru minnkuð víðast hvar á höfuðborgarsvæðinu í kjölfar bankahrunsins á Íslandi.

#### **Niðurstaða umræðunnar:**

Niðurstaða umræðu og kynningum á Evrópustyrkjum bendir til þess að erfitt sé að fá styrki sem henta nákvæmlega í það verkefni sem hópnum var ætlað að sinna, símenntun fyrir kennara á höfuðborgarsvæðinu. Í reynd sér vinnuhópurinn, a.m.k. eins og hann hefur yfirsýn um hlutina, að Endurmenntunarsjóður grunnskóla og sveitarfélögin sjálf séu raunhæfustu leiðirnar til að sækja í til umræddar símenntunar grunnskólakennara í bili. Við teljum að byrja eigi smátt og stækka verkefni ef við sjáum fram á að þau svari þörfum skólakerfis og kennara fyrir símenntun. Kannski opnast þá nýir möguleikar á styrkjum.

#### **6. Móta tillögur að sameiginlegri endurmenntun kennara til tveggja ára með svipuðu sniði og unnið hefur verið í samstarfi sveitarfélaga um endurmenntun starfsmanna leikskóla. Tillögum til fræðslustjóra kæmi eftirfarandi fram:**

- Markmið og tilgangur samstarfs**
- Tillögur að verkefnum, skilgreindar og rökstuddar.**
- Útærsla verkefna t.d. helgarnámskeið, verkstæði, ráðstefnur, eftirmiðdagstilboð, fundarraðir o.fl.**
- Kostnaður við hvert verkefni.**
- Áætlun um tímasetningar framkvæmda.**

Umræður um mögulegar útfærslur leiða til að fyrir skólaárið er gerð tillaga um tvö verkefni, eitt tilraunaverkefni 2012-2013 sem verði síðan fullkeyrt skólaárið 2013-2014. Umræður hafa verið um skiptingu kostnaðar á símenntunarverkefni sem þessu. Gert er ráð fyrir að snið til þess verði sótt til SSH um skiptingu kostnaðar á sameiginlegum verkefnum á höfuðborgarsvæðinu. Skrifstofa SSH gat ekki gefið umræddar upplýsingar áður en lokið var við gerð skýrslunnar sökum sumarleyfa þar.

**Umrædd tvö verkefni eru kynnt nánar á næstu síðu.**

## SKÓLAÁRIÐ 2012-2013

A. Tilraunaverkefni verði skólaárið 2012-2013

**Markmið og tilgangur:** Að gera tilraun með sameiginlegt fræðsluverkefni fyrir grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu til að leita að formi, tímasetningum og heppilegu skipulagi fyrir slíka fræðslu.

**Verkefni skilgreint:** *Námsmat og Aðalnámskrá*

Röksemd: Námsmat er miðlægt í nýrri Aðalnámskrá og krefur kennara um ný vinnubrögð í námsmati. Námsmat er sameiginlegt verkefni allra skóla og verður að ákveðast innan þeirra sjálfra. Fræðsla um námsmat (skipt í 3 mikilvæg viðfangsefni sem ákveðin eru síðar) væri liður í að styrkja skólana í að útfæra stefnu skóla, verkferla og leiðbeina við vinnubrögð í námsmati í samræmi við nýju námskrána.

**Framkvæmd:** 3 fræðslufundir haldnir mánaðarlega (feb.-mars-apríl 2013). Staðsetning skiptist milli sveitarfélaga eða fundinn einn góður staður (ákveðið síðar). Auglýst eftir ákveðnu kerfi sem verður ákveðið ef af verkefni verður.

**Kostnaður\*:** 400.000 kr. í fyrirlestra- og umsýslukostnað (kaffi, ferðir fræðara o.fl.).

**Tímasetningar** Mánu-/föstudagar kl. 13.30-16, fyrsti eða annar í mánuði (vor 2013).

\* Kostnaður dreifist á sveitarfélögin í fjárhagsáætlanagerð ársins 2013

## SKÓLAÁRIÐ 2013-2014

B. skólaárið 2012-2013 verði unnin umsókn í Endurmenntunarsjóð grunnskóla sem verði sett í framkvæmd skólaárið 2013-2014.

**Markmið og tilgangur:** Styrkja og efla kennara sem fagmenn til að mæta kröfum nýrra tíma.

**Verkefni skilgreint:** *Starfsþróun kennara.*

Röksemd: Starfsþróun kennara, þ.e. hæfni þeirra til að mæta þörfum nemenda, nauðsynleg persónuleg fagþróun og færni til innleiðingar nýrrar Aðalnámskrár, er skólakerfinu nauðsynleg og lykilatriði í því að innleiðing nýrrar aðalnámskrár gangi eftir.

**Framkvæmd:** Fræðslufundir haldnir mánaðarlega (sept.- okt.-nóv. 2013) (feb.-mars-apríl 2014). Staðsetning skiptist milli sveitarfélaga eða fundinn einn góður staður (ákveðið síðar). Auglýst eftir ákveðnu kerfi sem verður ákveðið ef af verkefni verður.

**Kostnaður\*:** 800.000 kr. í fyrirlestra- og umsýslukostnað (kaffi, ferðir fræðara o.fl.).

**Tímasetningar** Mánu-/föstudagar kl. 13.30-16, fyrsti eða annar í mánuði skólaárið 2013-2014.

\* Kostnaður dreifist á sveitarfélögin í fjárhagsáætlanagerð ársins 2014.

Óljósir þættir hér verða að fá nánari útfærslu síðar ef áhugi er hjá sveitarfélögunum að umrædd verkefni „séu á vetur setjandi“.



**Lokaorð**

Við, undirrituð, leggjum til ofangreindar tillögu þessarar skýrslu og styðjum frekari mótun þeirra þar sem nokkur vinna á eftir að fara fram sem skýrir það hvort takist að koma þeim í framkvæmd. Mikilvægt er að fá skýr svör fljótt og að þessi hópur fái umboð til að vinna að tillögunum og móta þær frekar á grundvelli þessarar skýrslu. Við gerum ráð fyrir að frekari vinna þurfi að hefjast haustið 2012 til að sú vinnuáætlun sem hér er kynnt nái fram að ganga.


Höfuðborgarsvæðinu 12. september 2012.



Baldur Pálsson



Oddný J. Eyjólfsdóttir



Magnea Steinunn Ingimundardóttir



Nanna Kristín Christiansen



Ragnheiður Hermannsdóttir



Vigfús Hallgrímsson